

Hörpuborg eða Hörputorg?

Eftir Pál Torfa Önunderarson

Flestu fólki líkar vel við miðborg Parísar. Skyldi það vera tilviljun? Nei, ástæðan er sú að borgin var skipulögð með það fyrir augum að hún væri harmónísk, þ.e. að byggingar féllu hver að annarri með ákveðnu mynstri, sem George-Eugene Haussmann sagði fyrir um. Sem dæmi var ætlast til þess að byggingar sem stæðu hlið við hlið væru sex hæðir og svalir væru á 3. og 6. hæð. Verslanir á 1. hæð og góðar íúðir fyrir ofan. Arkitektar og verktafar gátu ekki leyft sér að byggja hvað sem þeim sýndist á úthlutaðri lóð.

Reykjavík

Reykjavík byggðist upp frá lokum átjándu aldar en einleggt götuskipulag varla fyrir en um 100 árum síðar. Vegna lágrar sólstöðu og skugga- varps voru menn framan af á því að hús ættu varla að fara yfir 3-4 hæðir. En hér var enginn Haussmann og er ekki enn þótt margir merkismenn hafi lagt til byggingasögu Reykjavíkur. Byggðin varð því sundurleit en samt nokkuð í samræmi við fjögurra hæða hugmyndina innan gömlu Hringbrautarinnar, sem hér er til umfjöllunar.

Verktakaskipulag

Eftir síðari heimsstyrjöld varð breyting og svo virðist sem vaxandi stefnuleysi hafi ráðið för en að verktafar hafi fengið að valsa frjállega um. Verktakar tóku að byggja hús sem harmónera mörg hver ekki við umhverfið, þ.e. gömlu byggðina, auk þess sem ekki hefur verið gætt að því að tryggja mannlíf í miðborginni með



Pál Torfi Önunderarson

brotflutningi verslunar og íbúa þaðan.

Mætti lesandinn ímynda sér hvernig Reykjavík liti út ef ekki væri Morgunblaðshöllin og nýbyggingar við hana, Landsímahúsið við Austurvöll, viðbótin við Útvegsbankahúsið (Héraðsdóm) og svarta furðuverkið á Lækjartorgi. Í staðinn væru lægri og smærri hús í


» Tillaga mín er sú að ekki verði byggt austanvert á lóðinni frá Hörpu að Lækjartorgi. Nýtt Hörputorg nái frá Hörpu að Lækjartorgi

...


samræmi við gamla umhverfið í kring. Ímyndið ykkur Ingólfstorg. Sá sem þetta ritar sér birtuna og sólina streyma inn í götur og torg ef ekki væru þessi hús. Hann fagnar því einnig, að endurbyggð voru gömul hús við Lækjartorg eftir brunann mikla og að forðað var niðurrífi gamla húsa á mótum Skólavörðustígs og Laugavegar þar sem verktakar höfðu stórvaxnar hugmyndir. Á sama tíma jókst því miður skuggavarpíð í Skuggahverfinu vegna nýrra háhýsa.

Hvar er Haussmann?

En áfram skal byggja og enn eru N.N. verktakar á ferð. Enginn veit hverjir þeir eru eða hver gaf þeim valdið. Þeir tilkynna bara fyrirætlanir sínar. Skipulagsyfirlöð og kjörnir fulltrúar almennings segjast engu ráða vegna furðulegrar skaðabótaskyldu gagnvart verktökunum. Hver leyfði kjörnum fulltrúum að



Hörpuborg Byggingarmagn er 62.000 fermetrar.



Hörputorg Torgið mætti nýta til mannfagnaða.

gefa frá sér vald og ábyrgð? Birtar hafa verið myndir af fánægum hugmyndum að hóteli við Lækjargötu

þar sem langeldurinn stóð. Og nú síðast birtist risavaxið deiliskipulag sunnan við Hörpu, sem augljóslega

mun loka sjónlínum úr miðborginni að Hörpunni og Esjunni. Maður sýpur hveljur og veltir því fyrir sér hvort við Reykvíkingar getum virkilega ekki fundið einhvern Haussmann? Kaupstaðurinn á að vera fagur og mannvænn þótt vissulega þurfi að tryggja að hann sé ekki dauft safn gamalla húsa.

Tillaga

Á mynd nr. 1 er fyrirbyggjandi deiliskipulag sunnan við Hörpu, ég kalla það Hörpuborg. Byggingarmagn Hörpuborgar er 62.000 fermetrar eða jafn stórt og fyrri áfangi fyrirhugaðra nýbygginga Landsþítalans, sem sprengja á niður í gömlu Hringbrautina (annað byggingarslys í uppsiglingu, sem ég hef fjallað um áður og bent á lausn á). Ég er talsmaður þess að reist verði hóteli við Hörpu á norðvesturbakka lóðarinnar en tillaga mín er sú að ekki verði byggt austanvert á lóðinni frá Hörpu að Lækjartorgi og að svarta húsið á Lækjartorgi verði rífið. Holan við Hörpu verði notuð að hluta til þess að hleypa Geirsgötu í stókk neðanjarðar/sjávar og undir hótellbygginguna eða komi upp sunnan við hótelið. Með þessum hætti myndast stórt torg, Hörputorg, sem væri gönguleið frá Hörpu að Lækjartorgi og myndi kallast á við Arnarhól (sjá mynd 2) og myndi nýtast til mannfagnaða borgarbúa. Gamli hafnargarðurinn fengi að standa á Hörputorgi og e.t.v. yrði Lækurinn opnaður á ný. Útsýni að Hörpu og Esjunni og frá Hörpunni að Lækjargötu væri tryggt. Íhuga ætti að auki að minnka byggingarmagn á suðvesturhluta lóðarinnar og setja þar niður smærri og lægri byggingar. En stóru hús, þ.m.t. höfuðstöðvar Landsbankans, verði utan gamla kaupstaðarinnar.

Höfundur er læknir, áhugamaður um feruð og mannlíf í gömlu Reykjavík.

Ekki bæði sleppt og haldið

Eftir Prúði Kristjánsdóttur

Það sem stöðugt er í umræðunni um þessari mundir eru flugvallarmálin í Reykjavík og bygging nýs landsþítala. Það er greinilegt að borgarstjórn Reykjavíkur vinnur að því að Reykjavíkflugvelli verði lokað. Ég vil því setja fram mínar tillögur um þessi mál. Það er unnt að leysa bæði þessi mál á einfaldan hátt ef menn hugsa aðeins fram fyrir nefið á sér. Rögnunefndin svonefnda kom með nýjar tillögur, sem kosta miklar fjárhæðir í framkvæmd og deilur eru um staðsetningu



Prúði Kristjánsdóttur

Landspítala og sjúkrahús tengt því. Lausnin á þessu er einfaldlega að leggja niður Reykjavíkflugvöll og færa innanlandsflugstöð til Keflavíkur. Þar ætti síðan að byggja nýjan hátækni- spítala Íslands.

Það eru á döfinni áætlanir um hraðlestarkerfi milli Reykjavíkur og Keflavíkur og verður þá fljótlegt að komast á milli fyrir starfsfólk sem getur haft búsetu hvar sem það vill á höfuðborgarsvæðinu eða á Reykjanesi. Hér er þarf starfsfólk ekki að æsa sig yfir því að þurfa að flytja „út á land“. Reykvíkingar gætu áfram haft sína bráðamóttöku

og starfrækt eitt sjúkrahús eins og gert er í öðrum þéttbýliskjörnum. Allar meiri háttar aðgerðir yrðu gerðar á hátækni- spítala í Reykjanesbæ. Nauðsynlegt getur verið að hafa sérstaka lest til að flytja sjúklinga sem koma með sjúkrabílum frá hinum ýmsu landshlutum. Það ætti ekki að vera ríkinu ofviða að útbúa sjúkraklefa vel búinn tækjum, þegar lækniheruðum á landinu tekst að tækjavæða sjúkrabíla með nýjustu tækjum.

Borgarspítalinn gæti þá nýst sem hjúkrunarheimili aldraðra, eins og einhvern tíma var hugmyndin og sárlega vantar. Reyndar var lagt fé til byggingar hans úr framkvæmdasjóði aldraðra á sínum tíma. Kannski væri hægt að nýta byggingar á Vallarsvæðinu í tengda þjónustu og/eða sjúkrahúsið í

» Reykvíkingar gætu áfram haft sína bráðamóttöku og starfrækt eitt sjúkrahús eins og gert er í öðrum þéttbýliskjörnum.

Reykjanesbæ. Var ekki búíð að koma upp mjög fullkominni skurðstofu þar fyrir nokkru síðan? Hátækni- sjúkrahús þarf að rísa sem næst flugvelli. Það verður það greinilega ekki í Reykjavík. Nú segja menn auðvitað að búíð sé að eyða fé í hönnun spítalans í Reykjavík, en það hlýtur að vera hægt að nýta hönnunina þó staðsetning verði önnur. Er ekki betra að staldra við og hugsa upp á nýtt, en

að troða spítalanum niður þar sem aðgengi er erfitt og við flugvöll sem á að loka, og sjá svo eftir áratug eða svo, að hlutirnir ganga ekki upp?

Auðvitað segja einhverjir sérfræðingar að „venjuleg kona úti á landi“ eigi nú ekki að þykjast hafa vit á þessum málum, En þegar málið er skoðað án tillits til einhverra sérhagsmuna og fordóma, blasir þessi lausn við. Ég skora á stjórnvöld að skoða þetta með opnum huga!

Í framhaldi mætti skoða flutning fleiri stofnana, sem þjóna öllu landinu, til Reykjanesbæjar, allt starfsfólk getur haldið sinni vinnu, þarf bara að skjófast með hraðlest í 10-15 mínútur.

Höfundur er fr. skólástjóri.

RADSON

áreiðanlegur hitagjafi

°CLEVER LÁGHITA MIDSTÖBVAROFNAR

Mest seldu ofnar á Norðurlöndum

10 YEAR QUALITY GUARANTEE

10 ára ábyrgð

ÍŞLEIFUR JÓNSSON

Gæði fara aldrei úr tísku

Drágháls 14 - 16 Sími 4 12 12 00
110 Reykjavík Fax 4 12 12 01 www.isleifur.is